

Þingflokksfundur Pírata, miðvikudaginn 5. apríl 2017, kl. 13.

Fundinn sátu: Ásta Guðrún Helgadóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson, Gunnar Hrafn Jónsson, Gunnar I. Guðmundsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson (kl. 14.14), Katla Hólm Þórhildardóttir, Smári McCarthy, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir og Jón Þórisson. Berglind ritar fundargerð. Borin var upp tillaga að dagskrárbreytingu frá Ástu Guðrúnu þess efnis að liður 4 verði sameiginleg yfirlýsing. Var það samþykkt og færðust dagskrárliðir niður sem því nam.

Nr. 21/2017

1. Fundargerð

Fundargerð frá 3. apríl samþykkt.

2. Dagskráin í dag og næstu daga

Ákveðið að Gunnar I. fari í óundirbúinn fyrirspurnartíma á morgun og hyggst hann beina fyrirspurn sinni til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Katla fer einnig í óundirbúinn fyrirspurnartíma, ef færi gefst, og beinir fyrirspurn sinni til til mennta- og menningarmálaráðherra. Fjármálaáætlun, sem er á dagskrá þingfundar í dag og á morgun, var til umræðu og verkskipting var ákveðin.

3. Bréf úr nefndum

Viðstaddir gerðu grein fyrir stöðu mála í nefndum.

4. Sameiginleg yfirlýsing

Farið var yfir drög að sameiginlegri yfirlýsingu minnihlutaflokkanna um fjármálaáætlun og gerðar voru tillögur að breytingum.

5. Starfsmannamál

Starfsmannamál rædd. Fyrstu atvinnuviðtölin fara fram nk. föstudag.

6. Tilnefningar í stjórnir

Samþykktar voru samhljóða tilnefningar aðalmanns og varamanns í stjórn Landsvirkjunar.

7. Önnur mál

Þórhildur Sunna gerði stuttlega grein fyrir flokkahópum Evrópuráðsþingsins, en taka þarf ákvörðun um hvaða flokkahópi Píratar skuli tilheyra. Þórhildur Sunna gerir minnisblað um flokkahópana og sendir á þingflokkinn.